

**Fundargerð**  
**Fundur þróunarsamvinnunefndar 16.12.2021**  
**Grímsstofa, utanríkisráðuneytinu**  
**kl. 09-11**

**Mætt:**

Þórir Guðmundsson formaður, Atli Viðar Thorstensen, fulltrúi félagasamtaka, Rauða krossinum á Íslandi (á Teams), Bjarni Jónsson, Vinstri grænum, Bergþór Ólason, Miðflokki (á Teams), Birna Þórarinsdóttir, varafulltrúi félagasamtaka UNICEF á Íslandi, Gísli Rafn Ólafsson, Pírötum, Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, fulltrúi atvinnulífsins, ASÍ, Irma Erlingsdóttir, varafulltrúi háskólasamfélagsins, Laufey Birgisdóttir, fulltrúi félagasamtaka, ABC barnahjálpi (á Teams), Ragnar Schram, fulltrúi félagasamtaka, SOS barnþorpum, Stella Samúelsdóttir, fulltrúi félagasamtaka, UN Women á Íslandi, Þór Heiðar Ásgeirsson, varafulltrúi háskólasamfélagsins, Þórarinn Ingi Pétursson, Framsóknarflokki og Þórunn Sveinbjarnardóttir, Samfylkingunni.

**Hluta fundarins sátu að auki:**

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, Þórlindur Kjartansson, aðstoðarmaður utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, María Mjöll Jónsdóttir, skrifstofustjóri alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofu (APS), Nína Björk Jónsdóttir forstöðumaður GRÓ, Sara Ögmundsdóttir, deildarstjóri fjármála og tölfræði APS, Davíð Bjarnason, deildarstjóri tvíhliða þróunarsamvinnu APS, og Ásdís Bjarnadóttir, sérfræðingur tvíhliða þróunarsamvinnu APS.

Bryndís Haraldsdóttir, Sjálfstæðisflokki, Geir Gunnlaugsson, fulltrúi háskólasamfélagsins, Guðrún Helga Diop Jóhannsdóttir, fulltrúi félagasamtaka Barnaheill Save the Children á Íslandi, Halldór Benjamín Þorbergsson, Samtökum Atvinnulífsins, Jakob Frímann Magnússon, Flokki fólksins, Sjöfn Vilhelmsdóttir, fulltrúi háskólasamfélagsins og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, Viðreisn, boðuðu forföll.

**Nefndarritari:** Sóley Ásgeirsdóttir1. Fundur settur (09:04-09:17)

Formaður bauð fulltrúa velkomna á 2. fund nefndarinnar á árinu

2. Yfirlit yfir störf þróunarsamvinnunefndar (09:05-09:17)

Formaður fór yfir dagskrá fundar. Í kjölfar kosninga var kallað eftir endurtilnefningum fulltrúa flokka á Alþingi og vegna endurnýjunar í nefndinni kynntu nefndarfulltrúar sig fyrir hvert öðru. Farið var yfir starfsreglur og hlutverk nefndarinnar. Einnig var tillaga að fundartíma á fimmtudögum sett fram en beðið verður eftir nefndadagskrá Alþingis til að festa fundi.

3. Tilnefning þróunarsamvinnunefndar í stjórn GRÓ (09:18-09:32)

Formaður kynnti um tillögu að aðal- og varafulltrúa fyrir hönd þróunarsamvinnunefndar í stjórn GRÓ Þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu út skipunartíma núverandi stjórnar, þ.e. til 2026, í stað Önnu Elísabetar Ólafsdóttur sem hefur verið fulltrúi nefndarinnar og hefur nú óskað eftir að láta af störfum. Formaður bauð nefndarfulltrúum orðið. Forstöðumaður GRÓ kynnti

meginhlutverk stjórnar, að vera stefnumótandi og sinna eftirliti með starfi miðstöðvarinnar, og greindi frá helstu störfum og verkefnum framtíðar. GRÓ þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu var stofnuð árið 2020 og hefur stjórnin haft virkt hlutverk í kringum þær breytingar sem hafa verið gerðar á umgjörð skólanna undanfarin ár með flutningi þeirra undir GRÓ.

Formaður lagði til að tilnefnd væru Guðrún Margrét Guðmundsdóttir sem aðalfulltrúi og Geir Gunnlaugsson sem varafultrúi. Þróunarsamvinnunefnd samþykkti tillögu formanns um að tilnefna Guðrúnu Margréti Guðmundsdóttur til setu í stjórn GRÓ. Í ljósi umræðna og tímalengdar stjórnarsetu óskuðu nefndarfulltrúar eftir frekari umræðu um tilnefningu varafultrúa á næsta fundi þróunarsamvinnunefndar, einkum í ljósi gagnrýni á tilnefningu Geirs sem kom frá varanefndarfulltrúum sem sátu fundinn. Í samráði við laga- og stjórnsýsluskrifstofu utanríkisráðuneytisins var samþykkt að tilnefna eingöngu aðalfulltrúa þróunarsamvinnunefndar í stjórn og ákveðið að tilnefning varafultrúa yrði tekin upp á næsta fundi nefndar.

#### 4. Tvíhliða þróunarsamvinna við Síerra Leóne (09:33-10:14)

Fulltrúar deildar tvíhliða þróunarsamvinnu APS fóru yfir samstarf Íslands og Síerra Leóne frá því að gerð var greining á mögulegum samstarfslöndum Íslands 2015 og þangað til í dag. Í greiningunni sem tók til greina m.a. stöðu fátæktar, mannfjölda, stjórnarfar og fleira voru Síerra Leóne og Líbería talin hentugust til samstarfs á sviði þróunarsamvinnu. Árið 2018 byrjaði Ísland með verkefni í Síerra Leóne og Líberíu undir hatti svæðasamstarfs Alþjóðabankans með áherslu á fiskimál og heildræna nálgun þróunar í sjávarþorpum. Síerra Leóne er talið betur fallið til samstarfs en Líbería. Síðar bættist við samstarf við Mannfjöldasjóð SP (UNFPA) á sviði jafnréttismála og Barnahjálp SP (UNICEF) á sviði vatns- og hreinlætismála sem og tíðaheilbrigðis stúlkna í skólum. Hafa hátt í 100 þúsund manns fengið aðstoð á sviði hreinlætis og vatns nú þegar. Þjálfun sérfræðinga í gegnum Sjávarútvegsskóla GRÓ og umhverfisvænir reykofnar, sem bæta gæði fisks og vernda konur gegn reykmengun, eru einnig hluti af verkefnum.

Farið var í vettvangsferð til Síerra Leóne í október 2021 þar sem áhersla var lögð á samstarf við stjórnvöld og eftirfylgni verkefna og var þetta fyrsta ferðin til landsins í rúma 18 mánuði. Helsta niðurstaða ferðarinnar var að mikill áhugi ríkir um viðveru Íslands og frekara samstarf milli landanna tveggja.

Helstu áherslur í samstarfinu framundan verða fiskimál og bláa hagkerfið, vatns- og hreinlætismál í sjávarbyggðum og jafnréttismál. Á sviði jafnréttismála verður nýtt 5 ára verkefni með UNFPA í forgrunni sem miðar að því að útrýma fæðingarfistli með áherslu á heildræna nálgun sem felur í sér fræðslu og vitundarvakningu í samfélögum en konur sem þjást af fæðingarfistli mæta miklum fordómum. Fæðingarfistill er viðvarandi vandamál í fátækustu ríkjum heims þar sem mikið er um að barnungar stúlkur eignist börn sem þekkist varla á Vesturlöndum.

Héraðsnálgun, sem þekkist í hinum samstarfslöndum Íslands, Malaví og Úganda, verður skoðuð þegar líður á samstarfið en til að byrja með mun Ísland vinna í samstarfi við stjórnvöld, alþjóðastofnanir, fagaðila á Íslandi og íslensk félagasamtök og systursamtök þeirra. Einnig verða tengingar milli Háskóla Íslands og Háskólans í Síerra Leóne skoðaðar á sviði rannsókna og miðað að því að þekking skóla GRÓ nýtist.

Nefndarfulltrúar þökkðu kærlega fyrir yfirferðina og lýstu yfir ánægju með verkefnið í Síerra Leóne, sérstaklega þá heildstæðu nálgun sem lagt er upp með í verkefnum. Mikilvægast sé að ná til fólks í tengslum við samfélagsbreytingar til að ná árangri. Spurt var um nálgun á sviði fiskimála og nýtingu á sérþekkingu Íslands. Utanríkisráðuneytið á í góðu samstarfi við fagaðila á Íslandi varðandi fiskimál. Einnig var spurt um útvíkkun á jafnréttisverkefnum til að ná til kynfæralimlestinga kvenna og stúlkna. Byrjað verður á verkefninu með UNFPA tengdu fæðingarfistli en ekki er útilokað að Ísland beiti sér á fleiri sviðum þegar meiri reynsla er komin á samstarfið. Einnig veltu nefndarfulltrúar upp spurningu tengdri breytingu á áherslum í starfi Íslands í tvíhliða þróunarsamvinnu í ljósi fjölgunar á samstarfsríkjum og hvort stæði til að fjölga frekar. Þrjú samstarfsríki eru talin hæfilegur fjöldi fyrir Ísland á sviði tvíhliða þróunarsamvinnu einkum í ljósi áhættustýringar og stærðar Íslands sem gjafríkis þróunarsamvinnu.

#### 5. Framlög til þróunarsamvinnu 2022 (10:15-10:35)

Deildarstjóri fjármála og tölfraði APS fór yfir framlög til þróunarsamvinnu fyrir árið 2022 og miðaðist kynningin við stöðuna í fyrstu umræðu fjárlaga. Helstu breytingar eru þær að hlutfall framlaga af vergum þjóðartekjum (VPT) hækkar úr 0,32% í 0,35% ásamt því að nýtt fjármagn kemur inn í kjölfar innleiðinga á tilmælum þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD-DAC) um útreikninga á þeim kostnaði vegna móttöku umsækjanda um alþjóðlega vernd og kvótaflóttafólks sem telja má fram til þróunarsamvinnu.

Kom fram að ekki sé að færa fjármuni á milli málaflokka eða ráðuneyta heldur er um viðbótarframlög að ræða. Hækkar fjárlagarammi 35 um alþjóðlega þróunarsamvinnu sem heyrir undir utanríkisráðuneytið sem þessu nemur. Í kjölfar innleiðingar nýrra reikniregla DAC lækkar hlutfall kostnaðar vegna umsýslu við umsækjendur um vernd og kvótaflóttafólk úr um 30% í 10% af heildarþróunarsamvinnuframlögum og er þá sambærilegt því hlutfalli í öðrum DAC-ríkjum.

Um er að ræða talsverða hækkun framlaga. Forgangsmál á árinu 2022 verða m.a. mannúðar- og neyðaraðstoð, stuðningur við bóluefnasamstarf og viðspyrnu í þróunarríkjum, efling á framlögum til íslenskra félagasamtaka ásamt gerð rannsóknanna, opnun nýrrar sendiskrifstofu í Síerra Leóne, verkefni innan ráðgjafalista og Heimsmarkmiðasjóðs atvinnulífs um þróunarsamvinnu, áhersla á háskólasamstarf og töluverð aukning til umhverfis- og loftlagsmála.

Nefndarfulltrúar þökkðu yfirferðina og lýstu yfir almennri ánægju með hækkun framlaga sem og aukna áherslu á mannúðaraðstoð og viðvarandi stuðning við bóluefnasamstarf.

#### 6. Ávarp utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra og umræður (10:35-10:55):

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra ávarpaði fundinn og ítrekaði að bakslag á sviði þróunarsamvinnu væri víða vegna heimsfaraldurs. Nauðsynlegt væri fyrir Ísland að veita sveigjanleg framlög sem nýtist þar sem þörfin er mest. Þá áréttaði ráðherra mikilvægi góðs samstarfs við nefndina og kallaði eftir innleggi og áherslum frá fulltrúum hennar. Mikilvægt væri fyrir Ísland að vera vakandi fyrir samstarfstækifærum ásamt því að meta reglulega áhrif framlaga til þróunarsamvinnu.

Nefndarfulltrúar lýstu yfir almennri ánægju með hækkun framlaga til þróunarsamvinnu en minntu á að opinbert markmið stjórnvalda væri að hlutfallið næði á endanum 0,7% af vergum þjóðartekjum. Þörfin fyrir framlög Íslands til alþjóðamála hafi aldrei verið meiri og ítrekuðu

fulltrúar mikilvægi fordæmis þar sem Ísland væri ekki stærst ef horft er á framlög en geti haft áhrif með góðu fordæmi og málefnastarfi. Einnig bentu nefndarfulltrúar á mikilvægi þess að nýta sérþekkingu Íslands í þróunarsamvinnu.

Tók ráðherra undir innlegg nefndarfulltrúa og ítrekaði mikilvægi þess að nýta íslenska sérþekkingu og fordæmisgildi Íslands til að hægt sé að vera þjóð á meðal þjóða. Loftlagsmál, jafnréttismál og nýsköpun verði ofarlega á baugi á komandi árum og mikilvægt sé að vera vakandi fyrir tækifærum á ýmsum sviðum.

#### 7. Önnur mál 11:00

Formaður þakkaði ráðherra og nefndarfulltrúum kærlega fyrir líflegar og góðar umræður og sleit fundi.

Fundi slitið kl. 11:02.